

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Bugðugerði 6a og 6b, Árnesi.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi hluta þéttbýlis í Árnesi. Breytingin felur í sér að lóðinni Bugðugerði 6a og 6b er breytt úr parhúsalóð í þriggja íbúða raðhúsalóð sem fær heitið Bugðugerði 6a, 6b og 6c. Byggingarreitur er breikkaður um 1,0 m til beggja hliða en lóðamörk haldast óbreytt sem og nýtingarhlutfall frá gildandi deiliskipulagi. Samþykkt í sveitarstjórn 4. mars 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. maí 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.